

ÁUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 19. nóvember 1990.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stofna skal norrænt fjármögnunarfélag samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála sem undirritaður var í Reykjavík 2. mars 1990.

2. gr.

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða gjald-eyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelða starfsemi félagsins eða efndir skuldbindinga þess.

3. gr.

Félagið skal undanþegið aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekjuskatti og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

4. gr.

Lánssamningar, sem félagið er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 12. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S)

Júlíus Sólnes.